

U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Hús og skipulag ehf  
Hildigunnur Haraldsdóttir  
Bolholti 8  
105

Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

(+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 27. apríl 2007  
Tilvísun: UST20070200182/sf

## Deiliskipulag golfvallar og íbúðar- og frístundahúsalóða í landi Ness í Reykholtadal, Borgarbyggð

Vísað er til tölvupósts frá Húsi og skipulagi sem barst Umhverfisstofnun þann 26. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um deiliskipulag í landi Ness í Reykholtadal. Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir golfvelli innan skipulagssvæðisins og byggingu golfskála norðan við bæinn Nes II. Þá er fyrirhugað að reisa íbúðarhús á tveimur lóðum og frístundahús á þemur lóðum sunnan núverandi íbúðarhúss að Nesi II. Við fjós er gert ráð fyrir að reistar verði hauggeymslur.

Skipulagssvæðið liggur að Reykjadalsá sem er á náttúruminjaskrá, m.a. vegna svigðumyndunnar árinnar. Við það er almennt miðað þegar vötn, tjarnir og ár eru sett á náttúruminjaskrá að vernda beri vatnið sjálft, eða farveg þess, ásamt 100 m breiðu belti ofan eðlilegra flóðmarka eða gjljúfrabruna. Eftirfarandi lýsing er á svæðinu í náttúruminjaskrá:  
*„Reykjadalsá ásamt nálægum hverum og Rauðsgil, Reykholtadalshreppi, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Reykjadalsá frá ármótum árinnar við Hvítá að Giljafossi, hverasvæði Deildartungu, Deildartunguhver ásamt hverahólnum, hverirnir Vellir og Hægindakotshver ásamt nánasta umhverfi þeirra og Rauðsgil allt niður að Reykjadalsá. (2) Reykjadalsá er lygn, gróðurmikil á sem helst auð að vetrinum vegna hveravatns sem í hana rennur. Svigðumyndun árinnar er óvenju falleg. Við Reykjadalsá eru vetrarstöðvar andfugla og á jarðhitasvæðunum er einnig að finna athyglisverðan gróður og dýralíf. Jarðhitasvæðið í Deildartungu er samfellt jarðhitakerfi með hverum, laugum og lindum, en Deildartunguhver er vatnsmesti hver landsins. Árhver (Vellir) er goshver í Reykjadalsá og einn af fáum óskölluðum hverum í Borgarfirði. Hægindakotshver er í alfaraleið, en við hann er allfjölbreytt dýralíf. Í Rauðsgili er að finna fallega fossaröð.“*

Golfbrautir eru samkvæmt deiliskipulaginu í innan við 100 m fjarlægð frá bökkum Reykjadalsár og liggur ein þeirra við bakka árinnar. Á deiliskipulagsuppdrætti kemur fram að golfbrautir og flatir á túnum séu aðeins til upplýsinga. Umhverfisstofnun telur að skipuleggja eigi golfvallarsvæðið þannig að golfbrautir og annað jarðrask verði í a.m.k. 100 m fjarlægð frá Reykjadalsá til að tryggja að ekki verði þrengt að ánni með mannvirkjagerð frekar en orðið er.


Umhverfisstofnun telur að önnur mannvirki séu í nægilegri fjarlægð frá ánni og muni ekki

Umhverfisstofnun telur að önnur mannvirki séu í nægilegri fjarlægð frá ánni og muni ekki raska náttúrumuinum enda eru þau staðsett á landi sem nýtt hefur verið til landbúnaðar.

### Frárennsli

Í byggingarskilmálum segir að gerð verði afstöðumynd af hverri lóð þegar fyrirhugað er að byggja á lóðinni. Þar verði gerð grein fyrir staðsetningu byggingar innan byggingarreits, lögn að rotþró, legu heimtaugar, gróðri og tveimur bílastæðum við veg. Umhverfisstofnun bendir á að rotþró og siturlagnir þurfa að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveit og skólp. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir og eru þær aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar ([www.ust.is](http://www.ust.is)). Frárennsli frá ofnakerfum, heitum pottum, baðkörum og sturtuklefum þarf ekki að leiða í rotþró, þar sem slíkt vatn er lítið mengað, en getur skert virkni rotþróarinnar til muna. Affallsvatn af þessum toga má hins vegar leiða í skiptibrunn eða jöfnunarþró til jafnrar dreifingar í sér dreifilögn sem lögð er yfir jarðveg eða malarbeð.

Fyrirhugað er að reisa hauggeymslur við fjós á jörðinni. Umhverfisstofnun vekur athygli á að skv. 6. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri skal taka mið af starfsreglum um góða búskaparhætti við dreifingu, notkun og geymslu á búfjáráburði.

Vinðingarfyllst  
  
Sigurður Friðriksdóttir  
fagstjóri

  
Helgi Jepsson  
forstöðumaður

Afrít: Borgarbyggð, b.t. Sigurðar Páls Harðarsonar, forstöðumanns framkvæmdasviðs.  
Skipulagsstofnun.